

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 120/2010

frá 10. nóvember 2010

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010 frá 2. júlí 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/83/EB frá 27. júlí 2009 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB að því er varðar tæknileg ákvæði um áhættustýringu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærnisftirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/384/EB frá 30. apríl 2009 um starfskjarastefnu á sviði fjármálaþjónustu ⁽⁵⁾.
- 6) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/65/EB fellur úr gildi, hinn 1. júlí 2011, tilskipun ráðsins 85/611/EBE ⁽⁶⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 1. júlí 2011.
- 7) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/110/EB fellur úr gildi, hinn 30. apríl 2011, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB ⁽⁷⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 30. apríl 2011.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 39, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 22.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7.

- 8) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB⁽⁸⁾, sem var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003⁽⁹⁾ frá 26. september 2003, féll úr gildi tilskipun ráðsins 77/92/EBE⁽¹⁰⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði IX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Liðir 30 (tilskipun ráðsins 85/611/EBE) og 30a (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB) verði endurtölusettir sem liðir 30a og 30b.
2. Eftirfarandi liður bætist við á undan nýjum lið 30a (tilskipun ráðsins 85/611/EBE):
„30. **32009 L 0065**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).“
3. Texti nýs liðar 30a (tilskipun ráðsins 85/611/EBE) falli brott þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 1. júlí 2011.
4. 15. liður (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB) verði endurtölusettur sem liður 15a.
5. Eftirfarandi liður bætist við á undan nýjum lið 15a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB):
„15. **32009 L 0110**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærnisefirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB (Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7).“
6. Texti nýs liðar 15a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB) falli brott þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 30. apríl 2011.
7. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB):
„– **32009 L 0083**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/83/EB frá 27. júlí 2009 (Stjtið. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 14),
– **32009 L 0110**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 (Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7).“

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 9, 15.1.2003, bls. 3.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 21.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 26, 31.1.1977, bls. 14.

8. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 23b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB):
„– **32009 L 0110**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 (Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7).“
9. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 43. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/657/EB):
„44. **32009 H 0384**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/384/EB frá 30. apríl 2009 um starfskjarastefnu á sviði fjármálaþjónustu (Stjtið. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 22).“
10. Textinn í 13. lið (tilskipun ráðsins 77/92/EBE) falli brott.
11. Liðir 29f (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/72/EB) og 29g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB) verði endurtölusettir sem liðir 29c og 29d.
12. Liður 29ga (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/14/EB) verði endurtölusettur sem liður 29da.
13. Liður 29h (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007) verði endurtölusettur sem liður 29e.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/65/EB, 2009/83/EB og 2009/110/EB og tilmæla 2009/384/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

formaður.